

Reykjavík 3.12.2014

Berist til:
Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Varðandi: Umsögn um þingsályktunartillögu um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, 39. mál.

Félag talmeinafræðinga á Íslandi (FTÍ) þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda inn umsögn um þessa þingsályktunartillögu. Framkvæmdaáætlun um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins þar sem hugsað er til langs tíma er mjög þarft mál og tímabært. Mikilvægt er að varða leið sem sátt er um og sem fær að standa hver sem leiðir taumana í ríkisstjórn. Eftir að hafa farið yfir málið vill FTÍ koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum í tengslum við þessa þingsályktunartillögu.

1. Í rökstuðningi með þingsályktunartillögum er fjallað um þá staðreynd að með auknum lífslíkum verði hópur eldra fólks stærri og þörf þess hóps fyrir heilbrigðisþjónustu muni aukast. Í dag er framboð á talþjálfun fyrir fullorðna af skornum skammti, sumpart vegna þess hve fámenn stétt talmeinafræðinga hefur verið (hún fer þó óðum stækkandi) en sumpart vegna þess að innan heilbrigðiskerfisins er stundum litið svo á að endurhæfing einskorðist við sjúkra- og iðjuþjálfun. Þannig er staðan t.d. á hjúkrunarheimilum, þrátt fyrir að þar séu vissulega stórir hópar sem þurfa á mati og þjálfun að halda vegna kyngingarvanda eða talmeina. Mikilvægt er að litið sé heilðrænt á endurhæfingu og að þessi hópur hafi aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu til jafns við aðra aldurshópa, þ.m.t. að þjónustu talmeinafræðinga sem eru sérfræðingar í tjáskiptatruflunum (tal, mál, rödd) og kyngingarvanda.
2. Í rökstuðningi er einnig bent á að efla þurfi heilsugæsluna og gera hana að fyrsta viðkomustað. Benda má á að engir talmeinafræðingar eru starfandi innan heilsugæslunnar þrátt fyrir að þar fari fram mikilvæg skimun m.a. á málþroska, eftirfylgd á ungbörnum og börnum á leikskólaaldri og ráðgjöf til foreldra, sér í lagi þeirra sem verr standa félagslega. Þar væri mikill stuðningur af veru talmeinafræðings sem gæti stutt við og fylgt eftir börnum sem eru í áhættuhópum fyrir þroskafrávik og fjölskyldur þeirra. Allar rannsóknir sýna hve snemmtæk íhlutun er mikilvæg fyrir tal- og málþroskafrávik. Skv. skýrslu um


málefni barna með tal- og málproskafrávik kom sterkt í ljós hversu óánægðir foreldrar eru með aðgengi að sérfræðingum í þessum málum, bið eftir íhlutun er löng og foreldrar upplifa sig hjálparlausa. Þó meginþungi íhlutunar væri ekki innan heilsugæslunnar, er það hins vegar staður sem gæti staðið fyrir frumgreiningu, fræðslu og ráðgjöf til foreldra og fagaðila, námskeið til foreldra ungra barna um málörvun, og fleiri slík verkefni. Ennfremur vantar tilfínanlega talmeinafræðing í greiningarteymi heilsugæslunnar fyrir börn með hegðunarfrávik. Þar er oft um að ræða truflun á getu til tjáskipta þó fyrsta greining barns sé ekki talmein, heldur ADHD, geðvandi eða annað.

3. FTÍ vill benda á að einnig megi gera ráð fyrir mikið aukinni þjónustubörf innan endurhæfingarinnar, þar sem fleiri lifa með fötlun eftir slys og veikindi og sá hópur mun sjálfsagt einnig lifa lengur en áður. Búast má því við að þörf á endurhæfingu, þ.m.t. talþjálfun, muni einnig aukast.
4. Þá má benda á brýnan vanda í hjúkrunarrýmum, og öðru búsetuformi, fyrir yngra fólk sem ekki getur búið heima, t.d. eftir heila og taugasjúkdóma. Þetta unga fólk neyðist nú sumt til að þiggja búsetu á hjúkrunardeildum fyrir aldraða. Helsta vandamál í endurhæfingu þessa hóps eru erfiðleikar við að byggja upp búsetu og virkni fyrir þennan hóp sem gerir það að verkum að fólk í lengist of lengi inn á endurhæfingastöðvum og dettur endurtekið aftur inn í heilbrigðiskerfið, á spítala og endurhæfingastöðvar. Til að heilbrigðiskerfið, þ.á.m. endurhæfingin, sé að skila sér í betri færni og lífsgæðum fyrir einstaklinginn og fjárhagslegum sparnaði fyrir samfélagið er mjög mikilvægt að hún haldi áfram eftir útskrift af heilbrigðisstofnunum, í formi skipulagðrar virkni og þjálfunar í að halda heimili, skila vinnuframlagi og sinna öðrum hlutverkum sínum, þar sem í þeim verkum á sér mikilvæg aðlögun stað.
5. Mikilvægt er að uppbygging heilbrigðiskerfisins sé í samvinnu við uppbyggingu velferðarkerfisins. Erfitt er að skipta leið fólks til betri heilsu og lífsgæða á milli tveggja póla þar sem annar sér um heilbrigðismál og hinn um félagsmál. Hér þarf að vera samfella í þjónustu og markmiðum.

FTÍ vill að lokum benda á mikilvægi þess að leita ráðgjafar hjá breiðum hópi fagfólks við undirbúningsvinnu þessarar áætlunar.

Virðingafyllst,

f.h. Félags talmeinafræðinga á Íslandi


Þórunn Hanna Halldórsdóttir
formaður FTÍ